

10. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar af vegna- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. laga nr. 99 frá 28. desember 1971, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. marz 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

27. febrúar 1973.

Nr. 27.

AUGLÝSING

um verðhækkunarstuðul fyrir fyrningu eigna í atvinnurekstri.

Skv. ákvæðum 4. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972 um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekju- og eignarskatt, hefur fjármálaráðuneytið, í samráði við Hagstofu Íslands ákveðið, að verðhækkunarstuðlar vegna verðbreytinga árið 1972, skuli verða sem hér segir:

1. Verðhækkunarstuðull eigna — annarra en bifreiða —, sem tilgreindar eru í 1. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, verði 15%.
2. Verðhækkunarstuðull bifreiða, sbr. 1. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, verði 25%.
3. Verðhækkunarstuðull eigna, sem tilgreindar eru í 2. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971, verði 26%.

Fjármálaráðuneytið, 27. febrúar 1973.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.